

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Helga Hjörvar um sykurskatt.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve mikið greiddi mjólkuriðnaðurinn í svokallaðan sykurskatt frá gildistöku laga nr. 156/2012, 1. mars 2013, til 1. júlí sl.?

Svokallaður sykurskattur er lagður á matvæli sem falla undir A- og B-lið í viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald. Frá 1. mars 2013 hefur innflytjendum þessara matvæla verið heimilt að tilgreina á tollskýrslu þyngd viðbættis sykurs eða sætuefnis í vöru mælda í kílógrömmum eða grömmum og greiða vörugjald í samræmi við þá þyngd, sbr. lög nr. 156/2012.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti tollstjóra, sem annast álagningu almennra vörugjalda, greiddu aðilar í mjólkuriðnaði 121,6 millj. kr. í vörugjöld í flokkum XA, XB, X1 og X2 á tímabilinu frá 1. mars 2013 til 1. júlí 2014. Um er að ræða magngjöld á kílógramm eða lítra, mishá eftir tollskrárnúmerum.

Upplýsingar tollstjóra ná til samtals 11 aðila sem störfuðu í mjólkuriðnaði á Íslandi á þessu tímabili, þ.m.t. þeirra sem eru stærstir á markaðnum. Skipting sykurskatts á þau fyrirteki eftir gjaldtegundum má sjá í töflu 1 hér að aftan.

Tafla 1: Almenn vörugjöld aðila í mjólkuriðnaði (samtals 11 aðilar) eftir gjaldtegundum, 1. mars 2013 – 1. júlí 2014.

Gjaldtegund	Skýring	Gjaldfærð upphæð, kr.
X1	Vörugjald – viðbættur sykur 210 kr./kg	10.814.841
X2	Vörugjald – viðbætt sætuefni 42 kr./g	2.223.811
XA	Vörugjald kr./kg – taxti gjalds er tengdur tollskrárnúmeri	105.342.465
XB	Vörugjald kr./lítra – taxti gjalds er tengdur tollskrárnúmeri	3.250.646
Samtals		121.631.763

Í töflu 2 má sjá skiptinguna eftir mánuðum á umræddu tímabili.

Tafla 2: Almenn vörugjöld aðila í mjólkuriðnaði í krónum eftir mánuðum.

	2013	2014
jan.		8.050.910
febr.		3.373.934
mars	4.591.795	9.552.809
apríl	10.816.130	11.438.008
maí	8.895.543	4.132.452
júní	8.661.706	6.720.417
júlí	5.419.368	
ágúst	10.078.598	

	2013	2014
sept.	9.953.675	
okt.	13.666.314	
nóv.	4.188.807	
des.	2.091.297	
Samtals	78.363.233	43.268.530

Hafa þarf í huga að þessar upplýsingar ná einungis til þess sykurs eða sætuefna sem aðilar í mjólkuriðnaði flytja inn í eigin nafni, væntanlega sem hráefni í framleiðsluvörur sínar. Reikna má með að einhver hluti sykurs og sætuefna sem notaður er við framleiðslu mjólkurvara sé keyptur af innlendum birgjum, en ekki reyndist unnt að afla nánari upplýsinga um þann þátt. Samkvæmt upplýsingum frá landlæknisembættinu (Hvað borða Íslendingar?) eru 9% af viðbættum sykri í neyslu Íslendinga kominn úr sykrudum mjólkurvörum og er þá ís meðtalinn. Til viðbótar eru mjólkurvörur sem innihalda sætuefni og er þar um að ræða 3% af neyslu. Miðað við innflutt magn af sykri og sætuefnum á árinu 2013 er ekki ósennilegt að mjólkuriðnaðurinn greiði í kringum 200 millj. kr. í svokallaðan sykurskatt á hverju ári.